

Föstudaginn 20. september 1991.

Nr. 381/1991. **Ákærvaldið**

gegn

**Garðari Garðarssyni.**

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 67. gr. 1. 74/1974.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 18. september 1991. Hann krefst þess aðallega, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður styttri tími. Jafnframt er krafist kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Rannsókn stendur enn yfir á innbroti í skartgripaverslun Jóns Sigmundssonar, Laugavegi 5 í Reykjavík, aðfaranótt 29. ágúst sl., þar sem miklum verðmætum var stolið. Aðeins hluti þýfisins hefur fundist. Varnaraðili er undir rökstuddum grun um aðild að máli þessu. Með hliðsjón af þessu og með vísan til 1.tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

**Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 18. september 1991.**

Ár 1991, miðvikudaginn 18. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Garðari Garðarssyni, kt. 100165-4499, Stangarholti 26, Reykjavík, verði gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 30. október nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Kærði hefur mótmælt kröfunni.

— — —

Fram hefur komið við yfirheyrslur, að kærði hafi verið einn þeirra, sem framdi innbrotspjófnaðinn í skartgripaverslun Jóns Sigmundssonar. Verulegur hluti þýfisins er ófundinn, og er verðmæti þess verulegt. Þá hefur komið fram við rannsókn málsins rökstuddur grunur um aðild kærða að innbroti í teikni- og lögfræðiskrifstofu við Garðastræti 17, Reykjavík.

Brot þau, er kærði er grunaður um að hafa framið; geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Af sakavottorði kærða má sjá, að afbrotiferill hans er langur og samfelldur, og hefur hann frá árinu 1981 hlotið samtals 16 refsidóma. Þá hefur kærði nýverið hlotið reynslulausn. Þykir vera veruleg hættu á því, að kærði muni halda áfram brotastarfsemi sinni, ef hann er nú látinn laus úr gæsluvarðahaldi, þar sem sýnt þykir, að kærði eigi erfitt með að hafa ofan af fyrir sér með löglegum hætti.

Með vísan til alls framaritaðs og skírskotun til 1. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir verða að taka kröfu RLR til greina. Kærði skal því sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 30. október nk. kl. 16.00.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Garðar Garðarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 30. október nk. kl. 16.00.

---